

Öldrunarþjónusta á bráðadeild

Upplýsingar fyrir sjúklinga og aðstandendur

Meðferð á bráðadeild miðar að því að styðja aldraða til sjálfsbjargar og stuðla að því að þeir geti búið sem lengst heima. Það er gert með greiningu og meðhöndlun fjölpættra vandamála sem fylgja hækkandi aldri og skertri færni.

Starfsemi deildar

Sjúklingar leggjast inn á bráðadeildir á öllum tímum sólarhrings og eru útskrifaðir heim alla daga vikunnar. Flestir leggjast inn á deild frá bráðamóttöku. Einstaka sinnum koma sjúklingar af öðrum deildum Landspítala eða hjúkrunarheimilum.

Þegar sjúklingar hafa fengið greiningu og meðferð við sínum vandámálum útskrifast þeir heim eða fara í frekari endurhæfingu, til dæmis á endurhæfingardeildir Landakots. Sjúklingar með færni- og heilsumat, sem ekki geta beðið heima eftir varanlegu hjúkrunarrými, fara í biðpláss þar sem þeir dvelja uns þeir geta flutt á hjúkrunarheimili. Flest biðpláss eru á Landakoti en nokkur eru á hjúkrunarheimilum.

Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar deildar bera ábyrgð á hjúkrun sjúklinga á hverri vakt. Hjúkrunarfræðingar gefa skráðum aðstandanda upplýsingar um líðan sjúklings. Æskilegt er að einn aðstandandi sjái um samskipti við deildina og miðli upplýsingum til vina og vandamanna.

Sjúklingar og aðstandendur eru hvattir til að leita til starfsfólks deildarinnar með spurningar sem varða líðan, meðferð og útskriftaráætlun. Ef óskað er eftir að fá upplýsingar símleiðis er bent á að hringja eftir hádegi.

Útskrift

Ástand sjúklinga er stöðugt metið meðan á legu stendur, ákvarðanir teknar um áframhaldandi meðferð og útskrift heim, í endurhæfingu eða biðpláss. Bið- og endurhæfingarpláss bjóðast oft með skömmum fyrirvara og flutningur er jafnan samdægurs.

Teymisvinna

Læknar, hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar deildar eru í nánú samstarfi við útskriftarteymi, sjúkraþjálfara, iðjuþjálfara, næringarráðgjafa og sál-gæsluaðila.

Endurhæfing er hluti af meðferð á deild og sjúklingar eru aðstoðaðir við að setja sér markmið strax í upphafi legu í samvinnu við sjúkraþjálfara og annað starfsfólk.

Stofugangur fer fram við rúm sjúklings, með þátttöku hans, ef ástand leyfir.

Matmálstímar

Flestir sjúklingar fá orku- og próteinbætt fæði á matmálstímum, auk millibita. Aðstandendum er velkomið að koma með mat að heiman og geyma má kælivöru merкта sjúklingi í ísskáp á deild.

Öryggi sjúklinga

Deildum er oft læst af öryggisástæðum því hluti sjúklinga getur verið illa áttaður. Blóm eru ekki leyfð á deildinni vegna sýkingar- og ofnæmishættu.

Friðhelgi einkalífs

Nauðsynlegt að sjúklingar og gestir þeirra sýni tillitssemi og gæti þagmælsku varðandi það sem þeir verða áskynja um á deildinni. Myndatökur og hljóðupptökur eru bannaðar á deildinni.

Farsímanotkun

Notkun farsíma er leyfð en æskilegt er að símar séu hljótt stilltir svo þeir trufli ekki aðra.

Fatnaður og verðmæti

Æskilegt er að sjúklingar hafi með sér snyrtidót, stöðuga skó, eigin göngugrind og önnur hjálpartæki. Landspítali annast ekki þvott á eigin fatnaði sjúklinga.

Deildin getur ekki geymt eða borið ábyrgð á verðmætum eða lyfjum sjúklinga. Mælt er með að aðstandendur taki þau með heim. Sjúklingum sem eru með fasta lyfjaskömmun úr apóteki er bent á að biðja um að hún sé stöðvuð tímabundið.

Heimsóknartímar

Heimsóknartímar á Landspítala eru auglýstir á heimasíðu spítalans en geta verið breytilegir eftir deildum, háð aðstæðum hverju sinni. Heimsóknir eru leyfðar á öðrum tímum í samráði við vakthafandi hjúkrunarfræðinga.

Símanúmer

Skiptiborð Landspítala (opið allan sólarhringinn) 543 1000